

25. febrúar 1976 til greiðsludags. Stefnu greiði stefnanda kr. 63.000 í málskostnað.

Friðgeir Björnsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Ingimar Eydal og Brunabótafélag Íslands, greiði in solidum stefnanda, Agli Jónssyni f. h. ólögráða sonar hans Jóns Þórs, kr. 199.200 með 13% ársvöxtum frá 25. febrúar 1976 til greiðsludags og kr. 63.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. október 1980.

Nr. 190/1980. Eiríkur Ketilsson

gegn

**Jóni Skaftasyni,
skiptaráðanda í Reykjavík,
vegna sjálfs sín og
þrotabús Júlíusar Helgasonar.**

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Skiptalok.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Jón Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfégeta, skipaði sæti skiptaráðanda og tók hina kærðu ákvörðun um skiptalok.

Sóknaraðili hefur skotið málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 2. tfl. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru 3. október 1980, sem barst Hæstarétti 10. s. m. Krefst hann þess, að felld verði úr gildi ákvörðun skiptaráðanda, sem skráð er í skiptabók hinn 10. september 1980 og auglýst í Lögbirtingablaði 24. sama mánaðar, að lokið skuli vera skiptum á gjaldþrotabúi Júlíusar Helgasonar, Sogavegi 172 í Reykjavík, „og lagt verði fyrir skiptaráðanda að taka þrotabúið til skipta að nýju og

ljúka búskiptum lögum samkvæmt með hliðsjón af uppskriftargerð. Þá er og krafist kærumálskostnaðar úr hendi skiptaráðanda.“

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn 26. janúar 1976 krafðist sóknaraðili þess, að skiptaráðandi í Reykjavík tæki bú Júlíusar Helgasonar til gjaldþrotaskipta. Studdi hann þá kröfu við tvær árangurslausar fjárnámsgerðir. Úrskurður um gjaldþrotaskipti var kveðinn upp 3. maí 1976. Skiptaréttur var háður 4. október s. á. til að skrifa upp eignir þrotamanns. Sjálfur var hann fjarstaddur, en eiginkona hans var mætt í réttinum. Eftirfarandi var þá skráð í skiptabók eftir henni: „Mætta kveðst telja þau þrotamann vera eigendur íbúðar hér að Sogavegi 178 (sic). Auk þess eigi þau hjónin innbú það, sem hér er“. Var innbúið þessu næst skrifað upp, en ekki íbúðin. Nam verðmæti innbús 151.500 krónum samkvæmt virðingu vottanna.

Eftir þetta var gjaldþrotamálið tekið fyrir í skiptaréttinum 22. október, 5. nóvember og 22. nóvember 1976. Við fyrstnefnda fyrirtöku málsins var lagt fram veðbókarvottorð frá 5. október 1976 um fasteignina Sogaveg 172. Var hún á vottorðinu talin eign Hans Árnasonar og Sparisjóðs alþýðu samkvæmt heimildarbréfum 14. júní 1965 og 15. september 1969. Í öll framangreind skipti var af hálfu þrotamanns mættur lögmaður, er hélt því fram, að gjaldþrotabeiðnin væri „byggð á kröfu samkvæmt skuldabréfi, sem til hafi orðið fyrir sviksemi, sem kærð hafi verið til sakadóms“. Gat hann þess jafnframt, að þrotamaður væri sem stæði erlendis, og fékk málinu jafnan frestað, í síðasta sinn til 13. desember 1976.

Hinn 9. október 1979 var gjaldþrotamálið loks tekið fyrir að nýju í skiptaréttinum. Var hann nú háður af Jóni Sigurgeirssyni, fulltrúa yfirborgarfégeta, í stað Lúðvíks Kaaber, fulltrúa yfirborgarfégeta, sem til þessa hafði farið með búskiptin. Þrotamaður sjálfur var mættur, en ekki aðrir, og m. a. eftirfarandi skráð eftir honum í skiptabók:

„Lesin er fyrir mætta uppskrift gerð 4. október 1976. Mætti segir, að lausamunir séu enn fyrir hendi, en hafi gengið úr

sér við eðlilega notkun. Mætti kveðst ekki vita, að hann eigi íbúðina að Sogavegi 172, eins og kona hans gaf í skyn í nefndri uppskrift. Hann segir, að rétt sé eftir haft með lausamuni í uppskriftinni og engar breytingar hafi orðið þar á. Hann kveðst hafa greitt af veðskuld vegna íbúðarinnar ca. 22.000—24.000 kr. á ári í veðdeild Landsbankans, auk þess hafi hann greitt fasteignagjöld og litið á það sem leigu. Hann kveður sig eignalausán utan þeirra muna, sem komið hafa fram“.

Hinn 10. september 1980 var gjaldþrotamálið tekið fyrir að nýju í skiptaréttinum. Hvorki þrotamaður né skiptabeiðandi eða aðrir kröfuhafar í búinu voru mættir. Sést raunar ekki, að þeim hafi verið tilkynnt um fyrirtöku málsins. Lagði fulltrúinn, sem skipaði sæti skiptaráðanda, fram nokkur skjöl, þeirra á meðal endurrit úr fógetabók Reykjavíkur, dags. 8. september 1980, um það, að hinn 15. september 1969 hafi Sparisjóði alþýðu verið lögð út sem ófullnægðum veðhafa að undangengnu nauðungaruppboði rishæð hússins nr. 172 við Sogaveg, áður eign Júlíusar Helgasonar. Enn fremur var lögð fram svofelld yfirlýsing tveggja manna 4. september 1980 um lausafjármuni þá, sem skrifadir höfðu verið upp 4. október 1976:

„Við undirritaðir fórum að Sogavegi 178 (sic) að beiðni skiptaráðanda þeirra erinda að taka úr vörzlum innbúsmuni þá, er um getur í uppskriftargerð frá 4. okt. 1976 v/þb Júlíusar Helgasonar, s. st.

Innbúsmunir þeir, er voru á staðnum, reyndust svo illa farnir og lélegir, að ekki svaraði kostnaði að flytja þá á uppboðsstað.

Þvottavél og frystikista, sem tilgreind eru í uppskriftargerðinni, eru orðin ónýtt og búið að henda á öskuhauga, en tæki þessi voru komin til ára sinna, þegar uppskrift fór fram“.

Að svo búnu var eftirfarandi skráð í skiptabók:

„Húseignin er enn þinglýst á nafni Alþýðubankans hf.

Úrskurður um töku búans til gjaldþrotaskipta var kveðinn upp 3. maí 1976. Innköllun krafna var ekki gefin út. Ljóst

virðist, að engar eignir finnist í búinu, og verður því að ljúka skiptum með vísan til 33. gr. laga nr. 25/1929, án þess að nokkur greiðsla fái upp í lýstar kröfur, sem námu kr. 1.323.082,- auk vaxta og kostnaðar.

Skiptakostnaður greiðist af skiptabeiðanda, Jóni E. Ragnarsyni hrl.

Skiptameðferð á búinu er lokið“.

Hinn 24. september 1980 mótmælti lögmaður sóknaraðilja því í bréfi til skiptaráðanda, að skiptum á gjaldþrotabúinu hefði verið lokið með framangreindum hætti, og krafðist hann þess, að innbúið yrði selt á nauðungaruppboði, en að öðrum kosti yrði bú Júlíusar Helgasonar tekið að nýju til gjaldþrotaskipta á ábyrgð skiptabeiðanda, en án þess að skiptabeiðandi setti tryggingu fyrir greiðslu skiptakostnaðar. Þessu synjaði skiptaráðandi með bréfi 1. október sl.

Innköllun til skuldheimtumanna var ekki gefin út í framangreindu gjaldþrotabúi, en sýnt er, að fleiri kröfuhafar en sóknaraðili hafa lýst kröfum í það. Ekkert var aðhafst, svo að séð verði, til að halda áfram skiptameðferð og ljúka skiptum í mjög langan tíma. Óvissa var þá um eignir þrotabúsins, bæði vegna ósamræmis í skýrslum þrotamanns og eigin konu hans um eignirnar svo og vegna þess, að skiptaráðandi taldi mat vottanna við uppskriftina 3. maí 1976 ekki lengur verða lagt til grundvallar um verðmæti hinna uppskrifuðu eigna. Þegar af þessum ástæðum bar skiptaráðanda að boða til skiptafundar samkvæmt 23. gr., sbr. 90. gr., skiptalaga nr. 3/1878, eftir að hann tók til við skiptameðferðina að nýju, en áður en hann lýki skiptum samkvæmt 33. gr. laga nr. 25/1929. Þar sem þessa var ekki gætt, ber að fella hina kærðu ákvörðun skiptaráðanda úr gildi og leggja fyrir hann að halda áfram búskiptum og ljúka skiptum á búinu lögum samkvæmt.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hin kærða ákvörðun er úr gildi felld, og ber skipta-

ráðanda að taka þrotabú Júlíusar Helgasonar til lög-
legrar meðferðar og ljúka í því skiptum.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 23. október 1980.

Nr. 47/1980.

Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Bernharð Smára Jónssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bífhjól. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-
son, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hef-
ur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur vitnið Aðalsteinn Jóns-
son komið fyrir sakadóm að nýju. Kvaðst hann þá hafa skýrt
rangt frá í sakadómi Reykjavíkur 19. (sic) febrúar 1979.
Honum voru þá kynnt ákvæði 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/
1974 svo og 148. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og skýrði
hann þá svo frá, að fyrri framburður sinn í sakadómi Reykja-
víkur 16. febrúar 1979 hefði verið sannleikanum samkvæmur.
Kvaðst hann hafa ætlað að breyta framburði sínum vegna
beiðni ákærða, mestmegnis af greiðasemi, en einnig af ótta.

Ákærði öðlaðist hinn 15. desember 1975 leyfi til að stýra
léttu bífhjóli, sbr. 6. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 40/1968,
sbr. 42. gr. reglugerðar nr. 57/1960, svo sem henni hefur ver-
ið breytt, síðast með 1. gr. reglugerðar nr. 285/1973. Hann
var sviptur því leyfi í 12 mánuði með dómssátt 20. desember